

SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Heiðarvegi 15
900 Vestmannaeyjar

Alþingi
Erindi nr. P 122/146
komudagur 20.11.197

Stykkishólmi, 19. nóvember 1997.

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Allsherjarnefnd sendi öllum sýslumönnum 6. nóvember s.l. til umsagnar frumvarp til laga um dómstóla, 176. mál. Stjórn Sýslumannfélags Íslands ákvað að senda fyrir hönd félagsins umsögn um frumvarpið en umsagnir kunna einnig að berast frá einstökum sýslumönnum.

Stjórn Sýslumannfélags Íslands gerir í fyrsta lagi athugasemdir við 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins um umdæmi héraðsdómstóla og ummæli í greinargerð með greininni um sýslur og í öðru lagi við 2. mgr. 2. gr., sbr. 21. og 22. gr. frumvarpsins um dómþinghár.

Athugasemdirnar fylgja hjálagt.

F.h. stjórnar Sýslumannfélags Íslands,



Ólafur K. Ólafsson,
varaformaður.

Athugasemdir við 1. mgr. 2. gr. og athugasemdir vegna eftirfarandi ummæla í greinargerð með 2. gr. frumvarps til laga um dómstóla lagt fyrir Alþingi á 122. löggjaraþingi 1997-98.

“ Tillaga um þetta á einkum rætur að rekja til þess að eftir breytingar á síðasta áratug eru sýslur ekki lengur til sem lagalega skilgreind landsvæði. “

Með framangreindum orðum er það fullyrt að sýslur séu ekki lengur til sem “... lagalega skilgreind landsvæði. “ án nokkurs rökstuðnings. Verður því að geta til um það hvað höfundar frumvarpsins eiga við með fullyrðingunni.

Vera kann að fullyrðingin að sýslur séu ekki til sem “ lagalega skilgreind landsvæði “ feli það í sér að það landsvæði sem falli til hvernar sýslu þurfi að vera tilgreint með auðkennum í lögum. Sýslur landsins hafa aldrei verið tilgreindar með þeim hætti frekar en sveitarfélög. Tilgreining sýslna í lögum hefur byggt á landfræðilegum mörkum þeirra sveitarfélaga sem til hennar falla. Sveitarfélögin; hreppar, bæir, kaupstaðir og borg, byggjast á þeim jörðum sem til þeirra falla. Þannig eru það jarðirnar sem eru grunneiningarnar og skilgreiningu þeirra er að finna í landamerkjabókum og veðmálabókum, ekki lögum. Þessu hafa lög frá síðasta áratug ekki breytt. Ef óvissa er um merki jarða, eins og getur verið á hálendi landsins, er til staðar sama óvissa um mörk sveitarfélaga og sýslna.

Þá kann að vera að fullyrðingin um að sýslur séu ekki lengur til sem “...lagalega skilgreind landsvæði” feli það í sér að í lögum megi finna skilgreiningar á landsvæðum þar sem ekki er stuðst við sýslur landsins. Þetta er að vissu leyti rétt en þó finnast fleiri dæmi þar sem landsvæði eru skilgreind með vísan til sýslna. Skýrustu dæmin eru stjórnarskráin og lögin um kosningar til Alþingis þar sem kjördæmi landsins eru skilgreind með vísan til sýslna landsins. Frá síðasta áratug má nefna lögin um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði frá 1989 þar sem umdæmi dómstóla eru skilgreind með vísan til sýslna. Fjöldmörg önnur lög mætti nefna þar sem landsvæði eru skilgreind með vísan til sýslna.

Þá má geta sér þess til að fullyrðingin í frumvarpinu vísi til þess að með sveitastjórnalögunum frá 1986 hafi sýslufélög verið lögð niður og sú ráðstöfum hafi raskað gildi sýslna. Slík tilvísun á þó ekki við rök að styðjast því sýslufélögin voru stjórnarsýsluumdæmi þeirra sveitarfélaga sem heyrðu til hvernar sýslu og með niðurlagningu sýslufélaga var verið að leggja af eitt sveitastjórnarstig þar sem sýslumaður var þátttakandi sem fulltrúi ríkisvaldsins.

Umdæmi héraðsdómstóla.

Þessar getgátur leiða hugan að því hvort umdæmi héraðsdómstóla, eins og þau eru tilgreind í dag, með vísan til sýslna, teljist enn frekar lagalega skilgreind landsvæði og hvort þau teljist, með vísan til sveitarfélaga, lagalega skilgreind landsvæði verði frumvarpið að lögum.

Segja má, eins og fram er komið, að grunnur allra umdæmsskiptinga séu mörk jarða. Hreppar eru stjórnarsýsluumdæmi þeirra jarða sem til þeirra falla og mynda sveitarfélög. Síðar koma til kaupþún, kaupstaðir, bæir og borg sem annað hvort falla

innan tiltekings sveitarfélags eða mynda sjálfstætt sveitarfélag. Ef vafi leikur á mörkum jarða leikur sá sami vafi um mörk sveitarfélagsins sem jörðin tilheyrir. Þannig að vafi sem kann að leika um mörk sveitarfélags gerir það að verkum að vafi kann að leika um umdæmi héraðsdómstóls. Og sama gildir um sýslur. Með öðrum orðum að um allar umdæmaskiptingar landsins getur leikið vafi.

Stjórnsýsluumdæmi.

Hreppar, kaupstaðir, bæir og borg hafa verið og eru stjórnsýsluumdæmi sveitarfélaga. Sýslur hafa verið og eru stjórnsýsluumdæmi ríkisvaldsins. Frá hvoru tveggja má finna frávik. En ef til stendur að leggja niður sýslur sem stjórnsýsluumdæmi ríkisvaldsins er réttast að ganga hreint til verks og segja það berum orðum og gera nauðsynlegar lagabreytingar.

Frumvarp.

Lagt var fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996-97 frumvarp til laga um breytingu á sveitastjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum. Frumvarpið var samið í félagsmálaráðuneytinu á grundvelli áfangaálits nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að endurskoða sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986. Í frumvarpinu var lagt til að ákvæðum sveitarstjórnarlaga varðandi annars vegar skiptingu landsins í sveitarfélög og hins vegar nafngiftir sveitarfélaga yrði breytt. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er svohljóðandi ákvæði:

“Gengið skal út frá að staðarmörk sveitarfélaga, sem liggja að miðhálandi Íslands, verði framlengd inn til landsins. Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum. Skal miðað við sýslumörk þar sem það á við, en heimilt er að víkja frá þeim með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Í öðrum tilvikum skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir koma sér saman um mörk sveitarfélaganna.”

Samkvæmt ofanrituðu gætir ekki samræmis ef sýslur eru: “...ekki lengur til sem lagalega skilgreind landsvæði.”

Bréf.

Þann 25. janúar 1995 sendi dómismálaráðuneytið Sýslumannafélagi Íslands svar við bréfi félagsins frá 19. janúar s.á. Þar segir m.a.:

“ Í öðru lagi er óskað svara ráðuneytisins við því hvort sýslumörk og heiti sýslna séu ekki enn við lýði í landinu þó að umdæmamörkum sýslumanna hafi í undantekningartilvikum verið breytt.

Ráðuneytið telur að heiti sýslna hafi ekki lengur neitt stjórnsýslulegt gildi, en í hugum fólks kunna þessi heiti að hafa eitthvert gildi varðandi landfræðilega afmörkun og hefur ráðuneytið ekkert við það að athuga. Það sama gildir um sýslumörk. Það skal tekið fram að ráðuneytið telur að þessi heiti hafi ekkert gildi varðandi umdæmamörk stjórnsýsluumdæma sýslumanna. Samkvæmt reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992, miðast mörk milli stjórnsýsluumdæma sýslumanna við mörk viðkomandi sveitarfélaga.”

Sýslumannafélag Íslands var ekki á sama máli og fulltrúar dómismálaráðuneytisins.

Eftir að auglýsing forsetisráðherra um forsetakjör 29. júní 1996 hafði birst í Lögbirtingablaðinu sendi Sýslumannafélag Íslands ráðuneytinu bréf á ný 2. apríl 1996 þar sem sagði m.a.:

“Í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, hefur forsætisráðherra auglýst forsetakjör það er fram skal fara 29. júní 1996. Auglýsingin birtist í Lögbirtingablaði 27. mars 1996 og í henni eru heiti sýslna og sýslumörk notuð til að marka fjórðunga landsins. Auglýsingin gerir þannig ráð fyrir því að heiti sýslna og sýslumörk hafi eitthvert gildi og verður að ætla að verið sé að vísa til annars en huglægrar afstöðu fólks varðandi landfræðilega afmörkun.

Vegna bréfs dómsmálaráðuneytisins frá 25. janúar 1994 og tilvitnaðar auglýsingar í Lögbirtingablaði 27. mars s.l. er þess farið á leit við dómsmálaráðuneytið að það lýsi því hvaða gildi heiti sýslna og sýslumörk hafa umfram huglæga afstöðu fólks varðandi landfræðilega afmörkun.”

Þessu bréfi svaraði dómsmálaráðuneytið 9. janúar 1997 og segir þar m.a.:

“ Í upphafi vill ráðuneytið vekja athygli á því að í 10. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði vísar orðið sýslumaður ekki til landfræðilegs umdæmis heldur til þeirra athafna sem sýslumaður hefur með höndum, þ.e. stjórnsýslu ríkisins.

Nöfn á sýslum og sýslumörk eru nefnd í ýmsum lögum. Má þar til nefna Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, lög um kosningar til Alþingis nr. 80/1987, lög um tekju og eignarskatt nr. 75/1981, lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 o.fl. Í þessum tilvikum er yfirleitt átt við afmarkað landsvæði og/eða skil á milli einstakra landsvæða en þessi landsvæði mynda síðan umdæmi varðandi einstaka málaflokka t.d. kjördæmi, lögsagnarumdæmi héraðsdómstóla, skattumdæmi, læknishérað o.s.frv. Án þess að það hafi verið kannað sérstaklega getur það verið afstætt hvaða landsvæði tilheyri hverju sýsluheitum í einstökum lögum. Ef ágreiningur er um það hvaða landsvæði eða mörk svæða tilheyra einstökum sýsluheitum ber að leysa úr því samkvæmt almennum lögskýringareglum.

Í tilefni af framangreindum bréfum Sýslumannafélags Íslands skal það tekið fram að samkvæmt 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði eru mörk umdæma sýslumanna ákveðin með reglugerð og samkvæmt reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna nr. 57/1992, sbr. reglugerð nr. 500/1996 um breyting á henni eru mörk og heiti sveitarfélaga notuð til að skilgreina stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Núverandi mörk stjórnsýsluumdæma sýslumanna eru í mörgum tilvikum í ósamræmi við landfræðileg mörk einstakra sýslna svo sem algengast er að skilgreina landfræðileg mörk þeirra samkvæmt þeim lögum sem tilgreind eru hér að framan.”

Í framhaldi af svari dómsmálaráðuneytisins sendi stjórn Sýslumannafélags Íslands 16. apríl s.l. bréf til allra sýslumanna að höfðu samráði við ráðuneytið. Þar segir m.a.:

“Svar dómsmálaráðuneytisins verður ekki skilið öðruvísi en svo að sýsluheitum og sýslumörk séu enn við lýði. Hins vegar geti “... það verið afstætt hvaða landsvæði tilheyri hverju sýsluheitum í einstökum lögum. Ef ágreiningur er um það hvaða landsvæði eða mörk svæða tilheyra einstökum sýsluheitum ber að leysa úr því samkvæmt almennum lögskýringareglum.”. Því eins og segir í bréfi dómsmálaráðuneytisins eru þess dæmi að núverandi mörk stjórnsýsluumdæma sýslumanna séu í ósamræmi við “... landfræðileg mörk einstakra sýslna...”.

Með þessu svari dómsmálaráðuneytisins er eytt óvissu, sem gerði vart við sig eftir gildistöku laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, um það hvort heiti og mörk sýslna væru enn við lýði. Á því ekkert að vera því til fyrirstöðu

að heiti sýslna séu notuð þótt mörk stjórnsluumdæma sýslumanna séu ákveðin hverju sinni með reglugerð, samanber 11. gr. laga nr. 92/1989.”

Lokaorð.

Ef frumvarp til laga um dómstóla verður að lögum verður sú breyting á lögum um aðskilnað dómsvaldsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 að ákvæði þeirra um dómstóla falla úr gildi og heiti þeirra breytist í: Lög um framkvæmdavald ríkisins í héraði.

Við þau tímamót rétt að nota tækifærið og kveða upp úr um stöðu sýslna í stjórnslu ríkisvaldsins í héraði með endurskoðun á ákvæðum laga nr. 92/1989 með það að markmiði að treysta grundvöll sýslna sem stjórnsluumdæma ríkisvaldsins í héraði ásamt setningu fyllri ákvæða um embætti sýslumanna. Þó finna megi annmarka á því að halda í sýslur sem stjórnsluumdæmi ríkisvaldsins má komast hjá þeim annmörkum en eins og bent hefur verið á fyrr í þessari umsögn er engin leið í umdæmaskiptingu landsins án nokkurra annmarka. Það er reyndar staðfest í frumvarpinu sjálfu því eins og segir í greinargerð með 2. gr. frumvarpsins er 42. gr. þess ætlað að sjá að nokkru við annmörkum 2. gr. á afmörkun umdæma héraðsdómstóla.

Eftir stendur að það er undir ákvörðun Alþingis komið hvort tryggja eigi sýslur sem stjórnsluumdæmi ríkisvaldsins í héraði.

Verði sú ákvörðun tekin að halda í sýslur sem stjórnsluumdæmi ríkisvaldsins liggur beint við að umdæmi héraðsdómstóla verði afmörkuð með vísun til sýslna eins og er í gildandi lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989. Núgildandi afmörkun umdæma héraðsdómstóla hefur ekki leitt til vandkvæða eða óvissu um umdæmin enda er ekki bent á slíkt í greinargerðinni með frumvarpinu. Sveitarfélög hafa sameinast og jafnvel flust á milli sýslna á þess að þurft hafi að breyta núverandi afmörkun umdæma héraðsdómstólanna.

Hver sem niðurstaða Alþingis verður í þessum efnum verður ekki vikist undan því að leiðrétta með viðeigandi hætti tilvitnaða fullyrðingu í greinargerð með frumvarpi til laga um dómstóla; að sýslur séu: “...ekki lengur til sem lagalega skilgreind landsvæði.”

---o0o---

Viðbót.

Til upplýsingar fylgja hér með lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 eins og þau munu hljóða verði frumvarp til laga um dómstóla að lögum.

Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

1. gr.

Sýslumenn fara, hver í sínu umdæmi, með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Þar á meðal fara þeir með lögreglustjórn, tollstjórn og innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum, sbr. þó (3. gr.)¹⁾

1) Frv. 36. gr.

2. gr.

Landið skiptist í 26 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjalarneshrepp og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Ólafsfjörður, 14. Akureyri, 15. Húsavík, 16. Seyðisfjörður, 17. Neskaupstaður, 18. Eskifjörður, 19. Höfn í Hornafirði, 20. Vík í Mýrdal, 21. Hvolsvöllur, 22. Vestmannaeyjar, 23. Selfoss, 24. Keflavík, 25. Keflavíkurflugvöllur, 26. Hafnarfjörður, 27. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.--27. tölul. skulu ákveðin með reglugerði¹⁾ að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.

Eigi má fækka stjórnsýsluumdæmum eða taka upp ný nema með lögum.

1) Rg. 57/1992, sbr. 500/1996.

3. gr.

Með þau verkefni, sem sýslumönnum eru falin í öðrum umdæmum, fara lögreglustjórinn í Reykjavík, tollstjórinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Reykjavík sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn, þar á meðal útlendingaeftirlit, ásamt þeim störfum sem honum eða lögreglustjórum eru almennt falin með fyrirmælum einstakra laga.
2. Tollstjórinn í Reykjavík fer með tollstjórn, innheimtu tekna ríkissjóðs, að því leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum, og lögskráningu skipshafna, auk starfa samkvæmt fyrirmælum einstakra laga.
3. Með önnur störf en þau, sem falla innan marka 1. og 2. tölul., fer sýslumaðurinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra sker að öðru leyti úr um hvaða verkefni heyri undir einstök embætti skv. 1. mgr.

4. gr.

Sýslumaður skal hafa skrifstofur í umdæmi sínu eftir því sem dómsmálaráðherra kveður á um hverju sinni og fé er veitt til á fjárlögum.¹⁾

1) Rg. 57/1992.

5. gr.

[Ráðherra skipar sýslumenn til fimm ára í senn.]¹⁾ Málefni sýslumanna eiga undir dómsmálaráðherra.

Engan má skipa sýslumann, nema hann fullnægi (almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur.)²⁾

1) L. 83/1997, 27. gr. 2) Frv. 36. gr.

6. gr.

Sýslumenn hafa yfirumsjón og ábyrgð á rekstri embætta sinna.

Dómsmálaráðherra getur að tillögu sýslumanns kveðið á um skiptingu sýslumannsembættis í starfsdeildir eftir verkefnum. Heimilt er að [ráða]¹⁾ sérstaka deildarstjóra sem veita viðkomandi starfsdeildum forstöðu á ábyrgð sýslumanns. Ef starfsdeildir við sýslumannsembætti eru fleiri en ein skal einn deildarstjóra teljast staðgengill sýslumanns, enda fullnægi hann hæfisskilyrðum til skipunar í sýslumannsembætti.

Við sýslumannsembætti skal auk sýslumanns vera það starfslið sem [sýslumaður]¹⁾ telur þörf á. Um hæfisskilyrði löglærðra fulltrúa sýslumanns gilda (sömu reglur og um sýslumenn að öðru leyti en um starfsreynslu.)²⁾

1) L. 83/1997, 28. gr. 2) Frv. 36. gr

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Athugasemdir við 2. mgr. 2. gr., 21. gr. og 22. gr. frumvarps til laga um dómstóla og greinargerð með frumvarpinu, lagt fram á 122. löggjafarþingi Alþingis.

Um 2. mgr. 2. gr.:

Með greininni er lagt til að lögfest verði sú meginregla að umdæmi hvers héraðsdómstóls verði ein þinghá. Í 2. málslíð er að vísu lagt til að dómsmálaráðherra megi þó vikja frá þessu með reglugerð, en þó ekki nema að fengnum meðmælum hlutaðeigandi héraðsdómstóls og dómstólaráðs.

Með þessu er verið að leggja til verulega breytingu frá þeirri skipan sem nú er lögfest í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Þar segir að umdæmi hvers héraðsdómstóls (nefnt lögsagnarumdæmi í þeim lögum), megi dómsmálaráðherra með reglugerð skipta í tvær eða fleiri þinghár, sem hver hafi fastan þingstað. Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989 segir síðan að regluleg dómþing skuli haldin á föstum þingstöðum innan hvers umdæmis.

Í 21. gr. frumvarpsins er að vísu gert ráð fyrir því að hver þinghá skuli hafa fastan þingstað samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra séu þær fleiri en ein innan umdæmis dómstóls. Skal ráðherra mæla um slíka ákvörðun í reglugerð að fenginni tillögu hlutaðeigandi dómstóls.

2. mgr. 2. gr. og 21. gr. frumvarpsins verður að skoða í samhengi.

Ekki verður annað séð skv. 2. mgr. 2. gr. frv. að frá meginreglunni um fleiri en eina þinghá geti ráðherra því aðeins vikið að hann fái til þess meðmæli bæði frá hlutaðeigandi dómstól og frá dómstólaráði. Með öðrum orðum ef annar hvor eða báðir þessara aðila gefa því ekki meðmæli sín að þinghár verði fleiri en ein, er ráðherra ekki heimilt að taka slíka ákvörðun. Trúlega þætti það ekki góð latína ef framkvæmdavaldið tæki fram fyrir hendurnar á dómsvaldinu og setti slíka reglugerð þegar löggjafarvaldið hefur ekki gefið til þess ótvíræða heimild.

Í greinargerð með 2. mgr. 2. gr. frv. segir að í reglugerð nr. 58/1992 skipti dómsmálaráðherra dómumdæmum utan Reykjavíkur í þinghár, sem í meginatriðum eru þær sömu og stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og að þar sé jafnframt mælt fyrir um regluleg dómþing í hverri þinghá. Síðan segir “Þessi skipan hefur ekki þótt gefa góða raun því í sumum þinghám eru sárafá dómsmál ár hvert en umtalsverður kostnaður hefur fylgt ferðum héraðsdómara á milli þingháa til að halda dómþing, þar sem jafnvel engin mál koma upp.” Og enn segir “Er af þessum sökum lagt til í 2. mgr. 2. gr. að aðalreglan verði sú að hvert dómumdæmi verði ein þinghá, ...”

Hér hafa höfundar frumvarpsins tapað sjónar á jafnræðisreglunni, þeirri grundvallarreglu að allir skuli standa jafnir við að leita réttar síns. Réttur almennings til að eiga greiðan aðgang að dómstólunum hlýtur alltaf, og verður alltaf að vera ríkari, en þörf dómstólanna til að ná fram sparnaði í rekstri. Taka verður ríkara tillit til þess óhagræðis og kostnaðar sem almenningsur kann að hafa af því að þurfa að leita réttar síns fyrir dómstólunum um langan veg, en þess kostnaðar sem kann að fylgja ferðum einstaka héraðsdómara milli þingháa.

Greind rök fyrir þessari breytingu eru því ótæk, og því er lagt til að núverandi regla um þinghár í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989 haldist óbreytt.

Ekki er með þessu verið að segja að sérstök þinghá þurfi að vera í hverju einasta stjórnisýsluumdæmi sýslumanna utan Reykjavíkur, en þó er vegna eðlilegs aðgengis almennings að dómstólunum þörf á sérstakri þinghá með reglulegum dómþingum í lang flestum umdæmunum. Ef hinn raunverulegi tilgangur frumvarpsins er að leggja af einhverjar einstakar þinghár, væri réttara að nefna þær einfaldlega með nöfnum, frekar en að fara með þessum hætti eins og köttur í kringum heitan graut.

Full ástæða er til þess “að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna sem þriðju valdstoð ríkisins og meðal annars auka þannig tiltrú almennings á starfsemi þeirra.” eins og segir í upphafsorðum II. kafla athugasemdanna með frumvarpinu. Ef torvelda á aðgang almennings að dómstólunum með þeim hætti sem lagt er til í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins, er full ástæða til að ætla að þessum megingilgangi frumvarpsins verði alls ekki náð, heldur frekar að hann snúist í andhverfu sína og að almenningur tapi enn frekar tiltrú sinni á starfsemi dómstólanna.

Um 21. gr.:

Eins og fyrr greinir eiga athugasemdir við 2. mgr. 2. gr. einnig við um 21. gr. að því marki sem ákvæði 21. gr. hljóta að taka mið af meginreglunni sem sett er í 2. mgr. 2. gr., og þarf því 21. gr. að taka breytingum til samræmis við breytingar þær sem lagðar eru til á 2. mgr. 2. gr.

Aðeins er ítrekað að dómsmálaráðherra hafi í lögunum fulla heimild til að ákveða að þinghár, og um leið fastir þingstaðir, í umdæmi hvers dómstóls séu tvær eða fleiri, sbr. nú 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989.

Um 22. gr.:

Í sjálfu sér er ekki ástæða til að hrófla við texta 22. gr. frv., þó gerðar verði þær breytingar á 2. mgr. 2. gr. og 21. gr. sem að framan eru lagðar til. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989 um að regluleg dómþing á föstum þingstöðum verði ákveðin með reglugerð myndu þó breytast eðli máls samkvæmt.

Eðlilegt er að auka sjálfstæði dómstólanna hvað það varðar að þeir hafi sjálfir ákvörðunarvald um tíðni reglulegra dómþinga á föstum þingstöðum.